

Mat á hagsmunum við aðild Íslands að Evrópusambandinu

16. febrúar 2009

Minnisblað þetta er svar við beiðni nefndar um þróun Evrópumála á vegum forsætisráðuneytis, sem barst CCP hf. nýlega, með óskum um svör fyrir 20. febrúar 2009. Svarið er tekið saman af stjórnarformanni, framkvæmdastjóra og lykilstjórnendum CCP, og endurspeglar hagsmunamat félagsins.

Hvaða áhrif teljið þið að ESB aðild myndi hafa á viðeigandi hagsmuni eða verksvið?

CCP telur að aðild Íslands að ESB myndi hafa mjög jákvæð áhrif á hagsmuni félagsins. Þar veita þingstjórnir þættir: 1) aðild að myntsamstarfi og upptaka evru, 2) stöðugleiki og festa í stjórnsýslu og regluhverfi, 3) aðkoma að ákvörðunum á lykilsviðum, 4) aukið almennt traust og trúverðugleiki félagsins gagnvart fjárfestum, starfsfólki og viðskiptavinum.

Aðild að myntsamstarfi og upptaka evru myndi draga úr kostnaði félagsins, beinum og óbeinum, við að verja sig gagnvart gengissveiflum íslensku krónunnar. Tekjur félagsins eru nánast allar af útflutningi og eru fyrst og fremst í evru og bandaríkjadal. Gjöld eru hins vegar að hluta í krónu, þótt það hlutfall fari minnkandi, enda hefur félagið frá sl. áramótum boðið starfsfólki á Íslandi að fá laun sín greidd í evrum, sem langflestir þáðu.

Félagið hefur gefið út víxla sem skráðir eru í krónu í íslensku kauphöllinni, en öfgakenndar sveiflur gengis og vaxta, og hrun hins íslenska bankakerfis, valda því að innlend fjármögnun er ekki ákjósanleg fyrir félagið til lengdar.

Þá þarf félagið, eins og önnur nýsköpunarfélög í örum vexti, að geta aflað eigin fjár til rekstrar frá alþjóðlegum fjárfestum. Hrun efnahagskerfisins og sérstaklega gjaldeyrishöft, sem koma í veg fyrir að erlendir fjárfestar geti selt fjárfestingu sína aftur, torveldi félaginu mjög að sækja slíkt fjármagn. Þótt gjaldeyrishömlum yrði aflétt, stæði engu að síður eftir sú forsaga og reynsla, að slíkar hömlur gætu verið settar á aftur að geðþótta stjórnvalda, sem heldur aftur af erlendri fjárfestingu og dregur úr virði félagsins.

Þótt segja megi, að með aðild Íslands að EES hafi verið tekin upp flest atriði úr laga- og regluhverfi ESB sem snerta rekstur CCP, teljum við, að íslensk stjórnsýsla hafi ekki í öllu tileinkað sér þann aga og þá festu sem ástæða er til að ætla að myndi fylgja fullri aðild að Evrópusambandinu og myntsamstarfi þess. Má þar sem dæmi nefna efnahags- og peningamálastefnu, og framkvæmd ýmissa reglna er lúta að fjármagnsmarkaði. Að sama skapi hefur Ísland ekki aðkomu að stefnumótun eða ákvörðunum varðandi lög og reglugerðir á lykilsviðum, svo sem varðandi hugverkarétt, persónuvernd, tölvuöryggi, umhverfi rafræna viðskipta, fjarskiptamál o.fl., svo nefnd séu nokkur svið þar sem félag á borð við CCP gæti haft umtalsverðra hagsmuna að gæta og markvert álit sem eitt af leiðandi fyrirtækjum heims á sínu sviði.

CCP starfar á alþjóðlegum markaði, hefur skrifstofur og starfsmenn í þremur heimsálfum og viðskiptavinum í flestum löndum heims. Keppinautar þess eru að sama skapi alþjóðlegir. Það er

félaginu afar mikilvægt að geta staðið á jafnréttisgrundvelli í samkeppni, gagnvart viðskiptavinum, starfsfólki, samstarfsaðilum og fjárfestum. Aðild Íslands að stöðugu stjórnkerfis- og efnahagsumhverfi Evrópusambandsins myndi eyða óvissu og slá á afleiddan trúverðugleikaskort sem félagið þarf fyrirjáanlega að kljást við á næstu misserum og árum, meðan höfuðstöðvar þess eru í landi sem hefur þá ímynd að vera óstöðugt, stórskuldugt og með ógjaldgenga örmynt.

Hvaða hluti laga og reglna ESB hefðu jákvæð áhrif?

Vísað er til ofangreinds. Félagið telur fyrst og fremst að aðild að ESB hefði jákvæð áhrif varðandi aga, stöðugleika og festu í stjórnkerfi, og eftirfylgni þeirra laga og reglna sem fyrir eru, fremur en að tilkoma nýrra laga og reglna umfram EES hefðu úrslitaáhrif.

Þá nýtur félagið góðs af samræmingu samkeppnisskilyrða við keppinauta innan ESB.

Hvaða hluti laga og reglna ESB hefðu neikvæð áhrif?

Ekki er fyrir séð, að svo komnu máli, að lög og reglur ESB umfram EES hefðu neikvæð áhrif á starfsemi CCP.

Hefur verið tekin afstaða til aðildar Íslands að Evrópusambandinu?

Já.

Ef svo er, hver er hún?

CCP styður eindregið aðild Íslands að Evrópusambandinu og telur hana til þess fallna að styrkja undirstöður fjölbreytts atvinnulífs, búa í haginn fyrir nýsköpun, efla aga í stjórnslu, auka áhrif Íslands á alþjóðavettvangi og verða landi og þjóð til heilla.